**Námsáætlun íslenska - 4. bekkur**
**skólaárið 2023-2024**

**Kennari:** Bryndís Knútsdóttir og S. Þóra Gunnarsdóttir
**Tímafjöldi:** 7 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Talað mál, hlustun og áhorf** | • Geti flutt mál sitt eins skýrt og áheyrilega og kostur er<br>• Geti flutt ljóð og endursagt sögur<br>• Þjálfist í rökræðum sem og í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir og brugðist við á viðeigandi hátt<br>• Beri virðingu fyrir móðurmáli sínu sem og móðurmáli annarra | • Að nemendur fái tækifæri til að tjá sig, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra og æfi sig að sýna flytjendum tillitssemi, hvort sem er inn í kennslustofunni eða á öðrum viðburðum á vegum skólans. | • Verkefni í framsögn og upplestri |
| **Lestur og bókmenntir** | • geti lesið fjölbreytta texta af öryggi og skilningi<br>• geti lagt mat á gildi og trúverðugleika texta og greint aðalatriði frá aukaatriðum<br>• þjálfist í almennri leit að lestrarefni og upplýsingaleit<br>• geti nýtt sér ritaðar, tölulegar og myndrænar heimildir | • Lögð verður áhersla á að nemendur auki lestrarhraða sinn. Nemendur lesa daglega heima í 15 mínútur upphátt fyrir foreldra/forráðamenn. Yndislestur fer fram alla virka og þá lesa nemendur bók að eigin vali.<br>• Nemendur þjálfast í lesskilningi með því að hlusta á texta, lesa fjölbreyttan texta og vinna verkefni úr þeim. | • Lesferill, lesfimipróf og lesskilningskannanir lagðar fyrir |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ritun** | • sé fær um að skrifa texta af öryggi<br>• þjálfist í að tileinka sér góðan orðaforða<br>• hafi vald á réttritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu<br>• kunni að ganga frá ritsmíðum, handskrifuðum og á stafrænu formi | • Nemendur semja sögur í vinnubók og lesa fyrir bekkjarfélaga sína við tækifæri.<br>• Nemendur þjálfa áfram grunnskrift og kynnast tengiskrift.<br>• Skriftarbók og sýnikennsla á töflu<br>• Innlögn á stafsetningarreglum og réttritunaræfingar | • Stafsetningakannanir<br>• Skriftarkönnun er í lok annar<br>• Ritunarverkefni metin |
| **Málfræði** | • hafi gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og tileinki sér góðan orðaforða<br>• þekki helstu orðflokka, einkenni þeirra og hlutverk<br>• geri sér grein fyrir að tungumál eru síbreytileg og þekki til nokkurra breytinga á íslensku sem nú eiga sér stað<br>• trúi á eigin málkunnáttu og rækti með sér áhuga á móðurmálinu | • Innlögn í málfræði<br>• Málfræðiverkefni unnin skriflega og munnlega í kennslustund | • málfræðikannanir með jöfnu millibili og lagt mat á vinnu nemenda yfir veturinn út frá hæfniviðmiðum. |

<table>
<tr><td></td><td></td><td></td><td></td></tr>
<tr><td colspan="4">Námsgögn: Lestrarbækur í samræmi við getu og áhuga hvers og eins.<br>Málrækt 1, Lesrún 1 og 2, Ljóðsprotar, Skrift 4 og<br>stafsetningar – og ritunarverkefni. Valin verkefni úr Skræðu og Skinnu, ásamt ýmsum verkefnum í Seesaw. Bættum við sögunni um Rosalingana og verkefnabók. Ljósrituð blöð í tengslum við nafnorð, sagnorð og lýsingarorð.</td></tr>
<tr><td colspan="4">Lokanámsmat:<br>Lesskilningskannanir verða lagðar fyrir í september, janúar og maí. Orðarún í október og apríl.<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Ásamt því að virkni nemenda verður metin.<br><br>Lesfimipróf lögð fyrir skv. áætlun.</td></tr>
</table>